

Fundargerð 120. fundar Fræðslusjóðs
priðjudaginn 27. september 2022 kl. 14:00-15:30.
Haldinn í fjarfundi og Skipholti 50b.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Finnboði Sveinbjörnsson, Eva Margrét Kristinsdóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (vék af fundi), Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Karl Rúnar Þórsson, Magnús Ingvarsson, Margrét Sigurðardóttir.

Frá FA: Björn Garðarsson.

1. Fundargerð síðast fundar (fskj. 01 Fundargerð 119. fundar)

Afgreiðsla: Fundargerð 119. fundar var samþykkt og verður send fundarmönnum til undirritunar.

2. Endurúthlutun (Viðbótarúthlutun) (fskj. 02. Endurúthlutun 2022)

Sótt var um rúmar 62 milljónir í námsleiðir, tæpar 11,4 milljónir í ráðgjöf og tæpar 6,4 milljónir í ráðgjöf. Samtals tæpar 78, milljónir.

Afgreiðsla: Samþykkt var að veita tæpar 52,8 milljónir til námsleiða eða 85% því sem sótt var um, rúmar 10,2 milljónir til ráðgjafar eða 90% af því sem sótt var um og tæpar 6,4 milljónir til raunfærnimats eða 100% sem sótt var um. FA mun upplýsa umsækjendur um afgreiðsluna og í framhaldinu ganga frá samningum.

3. Umsóknir 2023 (fskj. 03. Umsóknir 2023)

	Umsóknir 2023	Til úthlutunar 2023
Námsleiðir	747,132,000	
Náms- og starfsráðgjöf	198,858,500	
Raunfærnimat	211,677,190	160,000,000
Þróunarverkefni	-	
Samtals	1,157,667,690	887,600,000

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2023 er áætlað af framlag til sjóðsins verði 887,600,000 á árinu 2023. Umsóknir eru samtals tæplega 1.158 milljónir (sjá töflu).

Afgreiðsla: Samþykkt var að veita 160 milljónum til raunfærnimats en frestað var að skipta sjóðnum að öðru leiti.

4. Verðlisti 2023 (fskj. 04 Verðlisti Fræðslusjóðs / fskj. 04 Verðbreyting verðlista)

- a.** Verðlisti Fræðslusjóðs er í dag miðaður við námskrár og er greitt fyrir klukkustundir með leiðbeinanda. Það skapar vandræði þegar nemendur taka einstaka námsþætti eða hluta af námskrá (fá t.d. námsþætti metna). FA hefur skoðað að gera upp miðað við kenndar nemendastundir og óskar eftir að fá að halda áfram með þá vinnu með það að markmiði að nýr og breyttur verðlisti verði gefinn út fyrir næsta ár.

Einnig að FA skoði vægi milli kennslukostnaðar og umsýslukostnaðar.

Afgreiðsla: FA hefji endurskoðun á verðlista og reiknilíkani. En um stórt mál er að ræða og viðbúið að ekki takist að ljúka því áður en nýr verðlisti verður gefinn út. Varaformaður stjórnar lýsti yfir vilja til aðstoða FA við þessa vinnu.

- b. Þegar verðbreytingar hafa verið gerðar á verðlista Fræðslusjóðs hefur iðulega verið miðað við blöndu á hækkun vísitölu neysluverðs og launa. Verðlistanum var ekki breytt fyrir árið 2022. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 7,2% frá janúar til ágúst og vísitala launa hefur hækkað um 2,5% frá janúar til júlí.

Afgreiðsla: Afgreiðslu frestað.

5. Leiðir til að fjölga námsplássum í starfsnámi í framhaldsskólunum

Úr fundargerð 119. fundar: „ **Afgreiðsla:** Frekari upplýsingar vantar svo sem um menntunarstöðu, fjölda einstaklinga sem mögulega eru reiðubúnir að þiggja þetta úrræði og hvernig á að ná til þeirra. FA verði áfram í sambandi við fulltrúa starfshópsins um næstu skref.“

Afgreiðsla: FA hefur ekki fengið frekari viðbrögð frá starfshópnum.

6. Umsókn um styrk til Næsta skref um gerð vegvísis. (fskj. 04. Vegvísir)

Afgreiðslu var frestað á síðasta fundi.

Afgreiðsla: Starfsmaður FA vék af fundi meðan erindið var rætt. Kanna á nánar lagalega forsendur fyrir að veita fé fræðslusjóðs til verkefnis eins og NæstaSkref. Ætlar fulltrúi ráðuneytisins í stjórn að kanna málið og stefnt að því að niðurstaða liggja fyrir á næsta fundi.

7. Samningar við styrkþega þróunarverkefna (05. Samningsform Tækniþróunarsjóður)

Frá síðasta fundi. Haft var samband við Rannís og þar kom fram að Tækniþróunarsjóður gerir ekki kröfu um neinskonar eignahald eða afnotarétt af þeim verkefnum sem frá styrk þaðan. Styrkþegum er treyst til að afurðir verkefna komi íslensku samfélagi til góða.

Afgreiðsla: Samþykkt að tillaga að breytingu/viðbót í samninga um afnotarétt, sem lögð var fram á síðasta fundi, verð felld inn þá tvo samninga sem um ræðir.

8. Önnur mál

a. Nýr fundartími stjórnar

Stjórnarmaður hefur óskað eftir nýjum fundartíma og óskar eftir að fundartíminn verði færður frammar á daginn, eða á einhvern annan þriðjudag í mánuðinum enn þann síðasta.

Tillaga:

1. Sama þriðjudag, en byrja kl. 9 / 10?
2. 1. þriðjudag í mánuði
3. ??

Afgreiðsla: Samþykkt hefja fundi kl. 13 sömu daga og þeir hafa verið.